

Ágúst 2005

Enn frekari hækkanir Norðlenska á lambakjöti

Norðlenska hefur hækkað verðskrá fyrir sauðfjárafurðir enn frekar, sbr. meðfylgjandi töflu. Verðskrá gildir fyrir alla innleggjendur Norðlenska.

Þá hefur verið ákveðið að þeir sem eru með viðskiptasamninga við Norðlenska fá greitt 1,2% álag á kjötinnlegg sitt í komandi sláturtíð. Þetta álag verður greitt í desember.

Frá verðskrá, sem Norðlenska gaf út í fréttabréfi í júní sl., hefur orðið sú breyting að verð fyrir kg. af DR3 hefur hækkað um fimm krónur - úr 303 í 308 krónur - og í töflu yfir álagsgreiðslur í sláturtíð kemur fram að álagsgreiðsla hefur hækkað úr 7% í 9% í vikunni 29. ágúst til 2. september og úr 2% í 5% í

vikunni 5. til 9. september.

Reynir Eiríksson, framleiðslustjóri Norðlenska, segir að fyrirtækið hafi verið fyrst af urðastöðva til þess að birta verðskrá um mánaðamótin júní-júlí og frekari hækkanir á verðskrá sem fram komi í þessu fréttabréfi séu í samræmi við það sem forráðamenn fyrirtækisins hafi boðað á fundum í júlí sl., ef ástæða þætti til.

Frá fyrra ári hefur Norðlenska hækkað verðskrá fyrir lambakjöt um sem næst 12% og jafnframt hefur útflutningsskylda lækkað úr 36 í 18%, sem í raun þýðir um 22% heildarhækkun á skilaverði til bænda.

Greiðslutími afurða

Fyrir innlegg í sumarslátrun er greitt að fullu á föstudegi í viku eftir innlegg, en sumarslátrun lýkur 2. september nk. Uppgjör á 75% af innleggi í haustslátrun fyrir innanlandsmarkað fer fram fyrir lok október og 25% 15. desember. Útflutningur verður að fullu greiddur fyrir áramót.

Slátur og gætur

Greiddar verða 90 krónur til innleggjenda fyrir slátur, sem er um fimmtungs hækkun frá fyrra ári. Vegna mikilla erfiðleika á skinnamörkuðum að undanförun er óljóst hve mikið verður greitt fyrir gætur í haust.

Slátursala

Slátursala verður á Húsavík frá 22. september til 14. október í húsnaði Viðbótar (gamla mjólkursamlag), þar sem heimtökukjöt verður einnig afgreitt. Þess er vinsamlegast óskað að slátur verði pantað með góðum fyrirvara. Innleggjendur fá slátur með 50% afslætti, en það skal ítrekað að allir innleggjendur verða að panta slátrið á Húsavík, þó svo þeir fái það afhent annars staðar.

Einnig verður slátursala í verslunum Samkaups Úrvals á Akureyri og á Egilsstöðum, en á Höfn hefst slátursala í sláturhúsinu undir lok september og stendur í þrjár vikur.

Flutningar

Norðlenska mun annast flutning að sláturhúsi nema um annað sé samið. Þrjár aðilar munu annast flutning sláturfjár fyrir Norðlenska í haust; Reynir B. Ingvason í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Sigurður Jónsson á Austurlandi og Flytjandi á starfssvæði sláturhúss Norðlenska á Höfn.

Flutningsgjald verður hið sama á öllu innleggssvæði Norðlenska, eða 9 kr. án vsk. pr. kg.

Norðlenska greiðir þeim bændum sem flytja fé sitt á eigin flutningstækjum 5 kr. án vsk. pr. kg. Norðlenska sendir viðkomandi reikning fyrir fullu flutningsgjaldi, en á móti senda þessir aðilar Norðlenska reikning fyrir 5 kr. pr/kg.

Norðlenska greiðir ekki reikninga frá þeim sem láta aðra flutningssaðila flytja frá sér.

Verðlagning 2005						
Holdfylling	Fituflokkar					
	1	2	3	3+	4	5
DE	341,0	341,0	323,0	294,0	220,0	192,0
DU	341,0	341,0	323,0	294,0	220,0	192,0
DR	311,0	323,0	308,0	254,0	198,0	192,0
DO	284,0	309,0	254,0	254,0	198,0	192,0
DP	243,0	243,0	243,0	243,0	198,0	192,0
VP	192,0					
VR			226,0		192,0	
VHR			56,0		45,0	
VHP	45,0					
FP	34,0					
FR			85,0		36,0	

Birt með fyrirvara um prentvillur.

Álagsgreiðslur 2005						
Álag er greitt á eftirtalda flokka: E-U-R 1-2-3 og O 1-2.						
	Greiðsla Markaðsráðs pr. dilk	Álagsgreiðsla	Greiðsla útfl.kjöt	Útflutningshlutfall	Fjöldi í slátrun Húsavík	Fjöldi í slátrun Höfn
22. ágúst – 26. ágúst	425	10%	195	6%	7400	500
29. ágúst – 2. sept.	225	9%	195	6%	9500	500
5. sept. – 9. sept.	125	5%	195	12%	9500	500
12. sept. – 16. sept.			195	12%	9500	4500
19. sept. – 28. okt.			195	18%	9500	4500
31. okt. – 28. nóv.		8%	195	18%		

Birt með fyrirvara um prentvillur.

Búsæld:

Lækkun úr 4,0% í 3,4%

Stjórn Búsældar hefur ákveðið að lækka þá prósentu sem haldið er eftir af innleggi félagsmanna í Búsæld úr 4,0% í 3,4% og tekur sú breyting gildi frá og með 21. ágúst 2005. Þessum 3,4% af innleggi félagsmanna í Búsæld er varið til kaupa þeirra á hlutafé í

Norðlenska, en um síðustu áramót átti Búsæld um 37% hlut í fyrirtækinu.

Ástæðan fyrir lækkun þessarar prósentutölu er fyrst og fremst sú að nú eiga töluvert fleiri aðild að Búsæld en gert var ráð fyrir í upp-hafi og því er nú svigrúm til lækkunar.

Meðferð sláturlamba

Starfsmenn Matra Keldnaholti könnuðu á árinu 2004 sýrustig í lambakjöti í nokkrum sláturhúsum. 22% skoðaðra dilkafalla reyndist með of hátt sýrustig þ.e. 5,8 eða hærra. Í ljósi niðurstaðna mælinga og gagnaöflunar um meðferð lambanna var reynt að leggja mat á helstu orsakir vandans. Gerð hefur verið grein fyrir frumniðurstöðum verkefnisins í Bændablaðinu (JVJ 7. júlí).

Nú hefur Matra tekið saman skýrslu um málið þar sem einnig er fjallað um erlendar athuganir á meðferð lamba fyrir slátrun og áhrif mismunandi meðferðar á kjötgæði. Þar sem gæði lambakjötsins eru forsenda stöðu þess á markaði er nú í upphafi sláturtíðar við hæfi að rifja upp fyrri umfjöllun um málefnið og helstu niðurstöður skýrslunnar.

Hátt sýrustig í lambakjöti orsakast jafnan af miklu álagi fyrir slátrum (streitu) og veldur lakari bragðgæðum, verra útliti og skertu geymsluþoli. Lélegt næringarástand síðustu daga fyrir slátrun (lömb í afleggingu) getur einnig valdið lakari bragðgæðum þótt streita sé ekki fyrir hendi.

Streita er gjarnan flokkuð í streitu við haustmeðferð lamba, þar sem helstu áhættuþættir eru annars vegar göngur og fjárrag ásamt kulda og vösbúð og hins vegar meðhöndlun fyrir slátrun þar sem næringarástand (sveltitími), rekstur á og af bíl, gerð og búnaður flutningatækis, vegir, aksturslag og vegalengdir og hvíld í sláturhúsrétt hafa áhrif.

Séu niðurstöður Matra skýrslunnar teknar saman í heilræðalista gæti hann litið svo út:

Huga þarf vel að haustbeit sláturlambanna þannig að þau séu í vexti fram á sláturdag.

Gæta þess að lömb svelti aldrei lengi við fjárrag að hausti. Sólarhrings svelti veldur streitu og dregur úr vexti.

Verja lömbin eins og hægt er fyrir kulda og illviðrum (hýsa í verstu hrakviðrum ef unnt er).

Ekki líði meira en 48 tímar frá því að lömbin eru tekin af beit með aðgengi að vatni þar til þeim er lógað.

Svelti fyrir flutninga sé minnst 5 tímar.

Hvíld í sláturhúsrétt sé ekki undir 5 tímum nema stutt sé flutt.

Umgangast sláturlömb sem og annað sauðfé með hógværd og alúð.

Huga vel að aðbúnaði á fjárflutningabílum; að ekki sé of þröngt, hvorki of kalt né of heitt (unnt þarf að vera að loka fjárflutningabílum svo ekki næði um féð ef flutt er í hrakviðrum eða frosti).

Ari Teitsson,
starfsmaður Búsældar

Niðurröðun

Niðurröðun verður með líku sniði og undanfarin ár á slátursvæði Norðlenska á Húsavík. Yfirumsjón með niðurröðun sláturfjár úr Eyjafirði og Þingeyjarsýslum hefur Halldór Sigurðsson á Sandhólum, sem jafnframt er réttarstjóri á Húsavík. Niðurröðun sláturfjár af Austurlandi annast Aðalsteinn Jónsson í Klausturseli, símar hjá honum eru: 471-1694 471-1085 895-1085.

Á starfssvæði sláturhúss Norðlenska á Höfn annast Einar Karlsson, sláturhússtjóri, niðurröðun sláturfjár. Stefnt er að því að hefja haustslátrunina þar 14. september. Byrjað verður að slátra dilkum úr Lóni, Nesjum og Suðursveit og haldið síðan hringinn. Nánari upplýsingar veitir Einar í síma 840 8870.

Aðstaða til að setja fé á flutningabílana

Norðlenska mælist til þess að innleggjendur hugi að aðstöðu sinni heima fyrir til að setja sláturfé á flutningabílana. Góð aðstaða tryggir í senn góða meðhöndlun á fénu og hraða þjónustu.

Heimtökukjöt

Í sláturtíðinni verður heimtaka kjöts með líku sniði og verið hefur. Bændur skulu taka allt sitt heimtökukjöt ferskt eða frosið innan þriggja daga frá slátrun á Húsavík og Höfn. Á Akureyri og Egilsstöðum er kjöt afhent á fjórða degi eftir slátrun.

Bændur geta fengið heimtökukjöt annað hvort ferskt eða frosið í heilum skrokkum eða frosið sjópartasagað eða finsagað. Á Akureyri geta bændur náð í heimtökukjöt á afgreiðslu Landflutninga á Fiskitanga (Togara-bryggju) á hverjum virkum degi kl. 13-16. Upplýsingar um heimtökukjöt og afgreiðslu þess er að fá í síma 858 8929.

Teknar verða kr. 1.450 án vsk. fyrir slátrun þr. dilk í heimtöku innan heimtökuréttar, kr. 2.200 fyrir dilk utan heimtökuréttar og kr. 1.700 fyrir slátrun á fullorðnu. Ekki er greitt sérstaklega fyrir sjópartasögun en kr. 300 þr. dilk fyrir finsögun.

Ástæða er til að undirstrika að óskir um heimtöku berist sláturhúsi á sérstöku eyðublaði eigi síðar en við komu fjárisins í réttina. Á eyðublaðinu, sem sent var til bænda með fréttabréfi fyrr í sumar, skal tilgreina hvernig kjötið skuli afhent - ferskt eða frosið og þá hvernig sagað. Hafi eyðublaðið af einhverjum ástæðum glatast skal bent á að unnt er að nálgast það á heimasíðu Norðlenska.

Framvísun fjár

Til að slátrun gangi sem greiðast fyrir sig er mikilvægt að innleggjendur eða fulltrúar þeirra framvísi fénu til slátrunar, ef kostur er.

Lyfjafjagjöf - lyfjaskráning

Fréttabréfi Norðlenska fyrr í sumar fylgdi eyðublað þar sem framleiðendur skulu skrá upplýsingar um m.a. lyfjaskráningu og lyfja-

gjöf. Þessar upplýsingar eru mjög mikilvægar fyrir Norðlenska og því eru framleiðendur beðnir að framvísa útfylltu eyðublaði með umbeðnum upplýsingum til bílstjóra þegar sláturfé verður sótt í haust.

Hafi eyðublaðið glatast er unnt að nálgast nýtt inni á heimasíðu Norðlenska.

Aukinn útflutningur til Bandaríkjanna

Stefnt er að auknum útflutningi á fersku lambakjöti til Bandaríkjanna í ár miðað við fyrra ár. Á síðasta ári nam útflutningurinn 96 tonnum af kjöti og segir Reynir Eiríksson, framleiðslustjóri Norðlenska, að því stefnt að auka hann á þessu ári um allt að 20%. Reynir segir að vissulega sé staða dollarans Norðlenska andstæð í þessum útflutningi, eins og öðrum útflutningsgreinum, en engu að síður sé það mat fyrirtækisins að mikilvægt sé að viðhalda þessum markaði og mæta þar aukinni eftirspurn.

Frekari hækkun á nautakjöti

Norðlenska hækkaði verð á nautakjöti um 5% í júní og frá þeirri hækkun var greint í fréttabréfi í byrjun júlí. Um miðjan júlímánuð varð frekari hækkun á nautakjöti, sem að jafnaði nam 3-4%.

Innmatur úr nautgripum

Þeim bændum sem eiga innmat úr nautgripum í frystigeymslu hjá Norðlenska er bent á að hafi hans ekki verið vitjað fyrir 1. sept. nk. verður honum hent. Það skal undirstikað að Norðlenska mun framvegis ekki geta fryst innmat fyrir bændur og verður hann eingöngu afhentur ferskur eftir 1. sept. nk.

Símar hjá Norðlenska

Húsavík

Réttarstjóri - 840 8895, stöðvarstjóri 460 8888, skrifstofa - 4608 880, fax - 460 8881, sauðfjárrétt - 460 8895, heimtökusögun - 464 3747, frýsting - 840 8898, slátursala - 460 8897, mótuneyti - 460 8887.

Akureyri

Skrifstofa - 460 8850.

Höfn

Skrifstofa/slátursala - 460 8870.

Símar hjá bílstjórum

Eyjafjörður-Þingeyjarsýslur

Reynir B. Ingvason - 464 3518/893 1018, Aðalsteinn Guðmundsson - 464 1955/892 7276, Jónas Jónasson - 862 3211, Egill Hjartarson - 698 0539 og Benedikt Arnbjörnsson - 862 7703.

Austurland

Sigurður Jónsson - 893 4480, fjárbílar - 855 2810/853 4480.

Höfn

Flytjandi (Einar Karlsson veitir uppl. um símanúmer).